

Málshöfðun þessi er tilkomin vegna víxilviðskipta stefnanda, Rauðarár h/f, við stefnda, Breiðholt h/f. Í stefnu getur hins vegar hvergi að finna neina lýsingu á víxlum þeim, sem eru grundvöllur málshöfðunarinnar. Eigi er getið útgefanda og samþykkjanda né upphæðar hvers víxils um sig né heldur greiðsludags og útgáfudags. Að þessu athuguðu verður að telja, að málið sé vanreifað og að málatilbúnaður stefnanda brjóti í verulegum atriðum gegn ákvæðum 88. greinar laga nr. 85/1936, þannig að varða eigi frá-vísun máls þessa frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Þorgeir Örlygsson.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

Þriðjudaginn 17. október 1978.

Nr. 121/1977. Jósafat Arngrímsson

(sjálfur)

gegn

Hilmari Ingimundarsyni

(sjálfur).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Sveinn Sigurkarlsson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1977. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eigi eru neinir þeir annmarkar á meðferð málsins í héraði, er varði ómerkingu héraðsdóms og vísun þess frá héraðsdómi.

Engar þær varnir hafa komið fram fyrir Hæstarétti, er leiði til annarra málaloka um höfuðstól víxilkrafna en þeirra, er greinir í héraðsdómi. Vixlar þeir þrír, sem eru undirrót máls þessa, bera með sér, að þeir hafa eigi verið stimplaðir. Ber að sýkna áfrýjanda í máli þessu af kröfu stefnda að fjárhæð 8.970 krónur vegna stimpilkostnaðar. Að öðru leyti á héraðsdómur að vera óraskaður að niðurstöðu til.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 370.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, á að vera sýkn af stimpilkostnaðarkröfu stefnda, Hilmars Ingimundarsonar, að fjárhæð 8.970 krónur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 370.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 4. júlí 1977.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið 29. júní sl., hefur Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, Ránargötu 13, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 28. júní sl., gegn Jósafat Arngrímssyni, Holtsgötu 37, Njarðvík, til greiðslu 3ja víxla að fjárhæð samtals kr. 3.740.000, útgefinna af Gunnari Jenssyni, Selásdal, Suðurlandsvegi, Reykjavík, 1. ágúst 1974 að fjárhæð kr. 1.500.000, hinn 1. okt. 1974 að fjárhæð kr. 1.000.000, hinn 1. desember 1974 að fjárhæð kr. 1.240.000. Allir víxlarnir eru samþykktir af stefnda til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, hinn 15. ágúst 1974, 15. október 1974 og hinn 20. desember 1974. Ábekingur á víxlunum er útgefandi, en stefnandi fékk þá framselda eyðuframsali.

Hefur stefnandi krafist þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða fjárhæð víxlanna, kr. 3.740.000, með 2% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 1.500.000 frá 15. ágúst 1974 til 15. október s. á., af kr. 2.500.000 frá þeim degi til 20. desember s. á. og loks af kr. 3.740.000 frá þeim degi til 20. nóvember 1976, en þá með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, kr. 8.970 í stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi sótti þing við þingfestingu málsins og krafðist frávísunar, en samkvæmt úrskurði, uppkveðnum sama dag, var þeirri kröfu hrundið. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936, að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem hin framlögðu gögn eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti, enda eru engir þeir gallar á málatilbúnaði, er frávísun varða án kröfu. Lögmaður stefnanda hefur lagt fram málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 483.600, og þykir hæfilegt að taka til greina af honum kr. 475.000.

Málskostnaður tildæmist því kr. 475.000.

Sveinn Sigurkarlsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Jósafat Arngrímsson, greiði stefnanda, Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, kr. 3.740.000 með 2% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 1.500.000 frá 15. ágúst 1974 til 15. október s. á., af kr. 2.500.000 frá þeim degi til 20. desember s. á., af kr. 3.740.000 frá þeim degi til 20. nóvember 1976, en með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, kr. 8.970 í stimpilkostnað og kr. 475.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. að viðlagðri aðför að lögum.